

9. gr.

Sjóðsstjórn skal halda gerðarbók um allan rekstur sjóðsins, ákvarðanir stjórnar og hvaðeina er varðar rekstur hans. Stjórnin skal fela löggiltum endurskoðanda að endurskoða bókhald sjóðsins en um eftirlit með honum skal farið að lögum um eftirlit með opinberum sjóðum. Stjórn sjóðsins ákveður og hvar sjóðurinn og gögn hans skulu geymd.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi skal hljóta staðfestingu forseta Íslands.

Skipulagsskrá þessa undirrita ég skv. ákvæðum í ofangreindri erfðaskrá Jóns Sigurðar Jónssonar.

Ormsstöðum í Dalasýslu, 20. desember 1984.
Baldur Gestsson.

14. maí 1985

Nr. 204

AUGLÝSING

um mat og flokkun á kartöflum.

Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 473/1982 um Grænmetisverslun landbúnaðarins og mat og flokkun kartaflna og annarra garðávaxta, skulu gilda eftirfarandi reglur um mat og flokkun á kartöflum.

Kartöflur og aðra garðávexti skal ekki meta né heimila dreifingu á, þegar varan getur talist miður hæf til neyslu vegna alvarlegra breytinga, skemmda, óhreininda eða af öðrum ástæðum, s.s. vegna frosta og spíruskemmda (sbr. reglugerð nr. 250/1976 um dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara o. s. frv.).

Fyrir pokaumbúðir skal sauma þétt. Merkja skal með þar til gerðum spjöldum (11×6 sm). Á spjöldin skal letra öðru megin nafn afbrigðis, stærð og sendingardag, en hinu megin nafn og/eða númer og heimili eiganda (innleggjanda).

Kartöflur verða, þar til annað verður ákveðið, aðgreindar í sex flokka: **Úrvalsflokk, Matarkartöflur 1, Matarkartöflur 2, Steikarkartöflur, Bökunarkartöflur og Verksmiðju-kartöflur.**

Í alla flokka má bæta við kartöfluaufbrigðum, ef þau er talin hæf til þess að dómi Samstarfsnefndar um mat og flokkun kartaflna o. fl., að fenginni umsögn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

MATARKARTÖFLUR

Úrval

Stærðarflokkar: 35—45 mm, 45—55 mm og 40—50 mm.

Útlit: Heilbrigðar, hýðið heilt að mestu og lausar við óhreinindi. Kartöflurnar verða að vera án aukabragðs (soðnar).

Afbrigði: Gullauga, Helga, Rauðar íslenskar, Bintje og Mandla.

Hámarkstíðni galla: 8 stig. Votrotnun og frostskaði er útilokað í þessum flokki.

Matarkartöflur 1

Stærð: 35—50 mm og 40—55 mm.

Útlit: Heilbrigðar og gallalitlar.

Afbrigði: Gullauga, Helga, Rauðar íslenskar, Mandla, Bintje og Premiere.

Hámarkstíðni galla: 24 stig.

Matarkartöflur 2

Ekki stærðarflokkaðar, en lágmarksstærð í þessum flokki 30 mm.

Útlit: Nokkrar skemmdir og gallar leyfilegir.

Afbrigði: Öll afbrigði sem eru talin hæf til manneldis.

Hámarkstíðni galla: 40 stig.

Steikarkartöflur

Stærð: 50—65 mm af hnöttóttum, en 45—60 mm af flöngum.

Útlit: Heilbrigðar og gallalitlar kartöflur.

Afbrigði: Öll afbrigði sem talin eru hæf til neyslu og henta sem steikarkartöflur.

Hámarkstíðni galla: 24 stig.

Bökunarkartöflur

Stærð: 65 mm og stærri af hnöttóttum, en 60 mm og stærri af flöngum.

Útlit: Heilbrigðar og gallalitlar.

Afbrigði: Öll afbrigði sem talin eru hæf til neyslu og henta sem bökunarkartöflur.

Hámarkstíðni galla: 24 stig.

Verksmiðjukartöflur

Stærð: Eftir óskum vinnsluaðila.

Útlit: Heilbrigðar að mestu, nokkrir gallar leyfilegir.

Afbrigði: Öll afbrigði sem talin eru hæf til vinnslu af þeim er annast vinnsluna.

Hámarkstíðni galla: Vegna innri skemmda, votrotnunar og djúpra sprungna: 24 stig.

SKÝRINGAR Á GÖLLUM OG SKEMMDUM Í KARTÖFLUM**Votrotnun:**

Kartöflur sýktar af stöngulsýki, hringroti eða öðrum þeim sjúkdómum, er valda votrotnun. Það teljast skemmdir og flokkast sem slíkar, ef vottar fyrir votrotnun í hnýði. Ef vafi leikur á, að um raunverulega votrotnun sé að ræða, skal skemmdin flokkuð undir „innri skemmdir“.

Frostskaðar:

Kartaflan er blaut og lin. Votrotnun fylgir oftast í kjölfarið.

Þurrrotnun:

Kartöflur sem sýktar eru af *Fusarium*, *Phoma*, myglu og öðrum áþekktum þurrrotnunarsjúkdómum.

Grænar kartöflur:

Kartöflurnar teljast grænar, ef meira en 10% af yfirborði þeirra er hulið greinilegum grænum lit.

Sár og djúpar sprungur:

Sár og opnar sprungur sem eru dýpri en 5 mm og þekja samanlagt meira en 5% af yfirborði hnýðis.

Sár og grunnar sprungur:

Sár eða sprungur sem myndast hafa við upptöku og/eða rögun. Dýpt minni en 5 mm og þekja meira en 5% af yfirborði hnýðis. Samanlagt mega þessir gallar ekki vera meiri en 20% í Úrvalsflokki en í 1. flokki ekki meiri en 40%.

Yfirborðslýti:

Hér er aðallega átt við hýðisflögnun, hrjúft hýði, blöðrukláða og silfurkláða. Leyfileg yfirborðspekja þessara ágalla við flokkun er allt að 40%.

Innri skemmdir:

Vægar frostsKemmdir, þeim fylgir oftast dökkur litur í æðastrengjum, ryðlitur. Kartöflur holar að innan (hjátaskemmd).

Kláði:

Þegar 10% af yfirborði hnýðis er þakið vörtukláða og/eða 50% þakið flat- eða netkláða. Kvillar þessir lýta fyrst og fremst hýði kartaflna og skaða áferð þeirra.

Vanskapaðar kartöflur:

Hnýði sem víkja frá eðlilegri lögun viðkomandi afbrigðis, þannig að það geti flokkast undir misvöxt, teljast vansköpuð.

Jarðvegur á kartöflum:

Hér er átt við jarðagnir sem loða við hnýði og vega meira en 1% af þunga kartaflna. Leyfilegt hámark er 2%.

Spíraðar kartöflur:

Kartöflur með spírur, sem náð hafa 2 mm lengd.

Blandað öðrum afbrigðum:

Það telst til galla ef 5% eða meira er af öðrum afbrigðum en merking á umbúðum greinir frá.

GÆÐAKRÖFUR

Vegna skemmda eða galla á/eða í kartöflum skal nota eftirfarandi margföldunarstuðla. Þetta gildir fyrir alla flokka:

Votrotnun	5,00
FrostsKemmdir	5,00
Purrotnun a) meira en 2% af yfirborði sýkt	
og/eða dýpri en 3 mm	3,00
Purrotnun b) minna en 2% af yfirborði sýkt	
og grynri en 3 mm	1,00
Grænar kartöflur (meira en 10% af yfirborði grænt)	2,00
Spíraðar og/eða linar	0,50
Sár og sprungur, grunnt, meira en 5% af yfirborði skemmt	0,25
Sár og sprungur, djúpt, dýpri en 5 mm og þekja meira en 5%	3,00
Yfirborðslýti og vanskapaðar	0,25
Innri skemmdir áberandi	3,00
Innri skemmdir óverulegar	1,00
Önnur afbrigði, meira en 5%, hámark 10%	0,50
Kláði 10% eða meira, vörtukláði, eða 50% þakið flat- eða netkláða	1,00
Jarðvegur á kartöflum	0,50

Undirmál í hverjum flokki má ekki vera meira en 3% af þyngd sýnis.

Samanlagður stigafjöldi fyrir hvern flokk má ekki vera meiri en eftirfarandi:

Úrvalsflokkur	8 stig
1. flokkur	24 stig
2. flokkur	40 stig
Steikarkartöflur	24 stig
Bökunarkartöflur	24 stig

SÝNATAKA

Taka skal minnst 5 kg sýni úr hverri sendingu. Ef sending frá einstökum framleiðanda er meira en 4 tonn skal taka til viðbótar önnur 5 kg. Sýni skal taka úr minnst einum 25 kg poka af hverjum 8 í sendingu.

Kartöflurnar skulu flokkaðar eftir göllum og yfirborðsskemmdum. Þegar því er lokið skal hver flokkur fyrir sig vigtaður og hlutfallstala (%) skráð fyrir hvern flokk.

Tekin skulu 2 kg úr safnsýninu og þær kartöflur allar skornar í sundur, innri skemmdir kannaðar og flokkað samkvæmt þeim, ef um skemmdir er að ræða.

Úrvalsflokkur — suðuprófun:

(samkvæmt ósk framleiðanda)

Taka skal 20 kartöflur úr safnsýni, ef tíðni ytri og innri skemmda er innan við 8 gallastig. Þessar kartöflur skal sjóða í ósöltuðu vatni, þar til þær eru gegnum soðnar. Þá skal skera þær í sundur og meta að 10 mínútum liðnum.

Þær teljast ekki hæfar í Úrvalsflokk ef:

10% sýnis tekur litarbreytingu

5% af kartöflunum eru mjög vatnskenndar.

5% af kartöflunum hafa fallið í sundur við suðuna.

Gæði kartaflna verða aðeins metin eftir lykt, lit og hvort þær detta í sundur við suðu eða hvort þær eru mjög vatnskenndar. Ekki má finnast lyfjabragð af kartöflum eða annað óbragð. Samanlagt mega þessir suðugallar ekki vera meiri en 15%.

Matsreglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 717/1983 um mat og flokkun á kartöflum.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. maí 1985.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Dalvíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Dalvíkur.